

Nd.

244. Tillaga

til þingsályktunar um heimild handa landsstjórninni til þess að greiða hjeraðslæknum og aðstoðarlæknum dýrtíðaruppbót af aukatekjum þeirra.

Flutningsm.: Gísli Sveinsson, Einar Árnason, Jörundur Brynjólfsson, Sveinn Ólafsson og Jón Jónsson.

Alþingi ályktar að heimila landsstjórninni að greiða hjeraðslæknum og aðstoðarlæknum dýrtíðaruppbót af aukatekjum þeirra fyrir árið 1918 og meðan lög nr. 59, 26. okt. 1917, eru í gildi, eftir reglum þeirra laga og auk þeirrar uppbótar, sem þeim ber samkvæmt þeim af föstum launum þeirra.